

Niðurstöður 16. háskólaþings Háskóla Íslands 3. mars 2016

16. háskólaþing Háskóla Íslands var haldið 3. mars 2016. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 sem tóku gildi 1. júlí 2008. Að þessu sinni var þingið að helgað stefnumótun Háskóla Íslands. Fyrir þinginu lágu lokadrög að heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021, dags. 3. mars 2016 og voru þau kynnt og rædd ítarlega. Að lokinni umræðu bar rektor upp svohljóðandi tillögu að bókun og var hún samþykkt með lófataki:

„Háskólaþing fjallaði í dag um lokadrög að stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021. Vinna við mótun stefnunnar hófst haustið 2015 og hefur farið fram undir stjórn stýrihóps með aðkomu fjölmennari stefnumótunarhóps skipaðs fulltrúum innan og utan Háskólans. Háskólaþing fjallaði um fyrstu drög að stefnunni í nóvember sl. Við stefnumótunina hefur verið haft viðtækt samráð við starfsfólk og stúdenta Háskólans, auk þess sem byggt var á fyrirliggjandi gögnum.

Í umræðum á háskólaþingi í dag komu fram gagnlegar athugasemdir og ábendingar um stefnudrögin og er stýrihópnum falið að ganga frá stefnunni með hliðsjón af þeim. Ný stefna Háskóla Íslands 2016-2021 verður lögð fram til afgreiðslu í háskólaráði 17. mars nk.“